



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 14. desember 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Ólafur Þór Ólafsson starfandi sveitarstjóri.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1.-7. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar bar oddviti upp tillögu um að bætt yrði við dagskrá fundarins, ákvörðun um náms- og frístundastyrki, sem yrði dagskrárliður 5 og 6 og að ákvörðun útsvars yrði dagskrárliður nr. 3. Aðrir liðir færast til. Tillagan var samþykkt samhljóða með 5 atkvæðum.

Dagskrá:

1. Rekstraryfirlit janúar-október 2023 og framkvæmdayfirlit 2023.

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit sveitarfélagsins fyrir janúar-október 2023 og framkvæmdayfirlit fyrir 2023 sem sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála fóru yfir og útskýrðu. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

2. Gjaldskrár 2024

Fyrir fundinum lá tillaga að gjaldskrár 2024. Almenn hækkun gjalda er að jafnaði 5,6%. Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um útsvar vegna tekna ársins 2024

Fyrir fundinum lá tillaga um að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2024 yrði óbreytt eða 14,74%.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

4. Gjaldskrá fasteignagjalda 2024

Fyrir fundinum lá tillaga að álagningu og álagningarreglum fasteignagjalda fyrir árið 2024:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði 0,48% af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði 1,32% af álagningastofni.



Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) 1,65% af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,65% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati að lágmarki 9.500 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 65.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,24% af fasteignamati lóða og mannvirkja.

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 100.000 kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði 31.500 kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði 11.200 kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 10.454 kr./ha.

Gjalddagar:

Gjalddagar fasteignagjalda eru átta, frá 1. febrúar til 1. september, en á smærri upphæðum eru gjalddagar einn eða tveir. Gjaldtagi á 0-30.000 kr. er 1. febrúar fyrir hvert fasteignanúmer, en skiptist í tvo gjalddaga 1. febrúar og 1. mars fyrir upphæðir á bilinu kr. 30.001-60.000.

Eftirfarandi reglur gildi um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignaskattur verður eingöngu lækkaður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur samkvæmt skattframtali næst liðins árs.

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. 50.000,- hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.270.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 6.990.000 kr/ári

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. 30.000,- hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 5.340.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 8.730.000 kr/ári



Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

5. Ákvörðun um námsstyrki til nemenda 2024

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum um námsstyrki til framhaldsskólanema vegna 2024.

Lagt er til að námsstyrkur fyrir 30 eininga nám muni nema 30.000 kr. fyrir heilt námsár eða 15.000 kr. per önn.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

6. Ákvörðun um frístundastyrki 2024

Fyrir fundinum lá tillaga að upphæð frístundastyrkja vegna 2024 verði óbreytt á milli ára og nemi 25.000 kr. per barn.

Sveitarstjórn samþykkti framlagða tillögu samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

7. Fjárhagsáætlun 2024 síðari umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2024-2027 til seinni umræðu en áætlunin var áður til umfjöllunar hjá sveitarstjórn þann 23. nóvember síðastliðinn.

Í rekstraryfirliti áætlunar 2024 kemur fram að heildartekjur samstæðunnar eru áætlaðar 872 m.kr., þar af eru skatttekjur og framlög jöfnunarsjóðs 634 m.kr. og aðrar rekstrartekjur 238 m.kr.. Rekstrargjöld eru áætluð 935 m.kr. og þar af er áætlun launa 432 m.kr. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, reiknaðar lífeyrisskuldbindingar og fjármagnsliði er jákvæð um 14,5 m.kr.. Afskriftir eru 59,8 m.kr., reiknaðar lífeyrisskuldbindingar 14,7 m.kr. og fjármagnsliðir nettó rúmlega 8,7 m.kr.

Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu verði jákvætt um 9,7 m.kr. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar 2024 eru áætlaðar 105,9 m.kr.

Stærstu fjárfestingaþættirnir í áætlun 2024, eru 66,0 m.kr. vegna hafnarframkvæmda, 33,8 m.kr. í húsnæðisframkvæmdir, og 5,2 m.kr. í sjóvarnir. Gert er ráð fyrir lántöku 2024 að upphæð 105,9 m.kr. vegna framkvæmda. Að teknu tilliti til fjárfestingahreyfinga og lántöku er áætlað að handbært fé lækki um 1 m.kr. og verði í árslok 69,2 m.kr. Í áætlun árunna 2025-2027 er gert ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu samstæðu öll árin.

Starfandi sveitarstjóri og verkefnastjóri fjármála gerðu grein fyrir helstu breytingum frá fyrri umræðu. Sveitarstjórn ræddi áætlunina og fór yfir meginþætti hennar.

Fjárhagsáætlun fyrir 2024-2027 var samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



8. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

9. Ræktunarlönd - úthlutunarreglur

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var starfandi sveitarstjóra falið að vinna drög að úthlutunarreglum um beitar- og ræktunarlönd í eigu sveitarfélagsins.

Drög að reglum tekin til umfjöllunar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa drögum til umfjöllunar í Hafnar- og skipulagsnefnd.

10. Störf undanþegin verkfallsheimild á árinu 2024 hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd

Lagður fram listi yfir störf undanþegin verkfallsheimild á árinu 2024 hjá Sveitarfélaginu Skagaströnd, samkvæmt 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna með síðari breytingum.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir samhljóða með 5 atkvæðum framlagðan lista og felur sveitarstjóra að senda til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

11. Hvatning til sveitarstjórna um mótun málstefnu

Í erindi Innviðaráðuneytisins dagsettu 5. september 2023, er sveitarstjórn hvött til að ýta úr vör vinnu við gerð málstefnu sveitarfélagsins, samanber 130. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela starfandi sveitarstjóra að vinna tillögu að málstefnu sveitarfélagsins.

12. Sundlaugarmenning á skrá UNESCO

Í erindi Menningar- og viðskiptaráðuneytisins dagsettu 4. desember 2023, er kallað eftir þátttöku sveitarfélaga í að lýsa fyrir stuðningi við tilnefningu sundlaugarmenningar á skrá UNESCO.

Sveitarstjórn samþykkir að senda inn stuðningsyfirlýsingu og felur starfandi sveitarstjóra að undirbúa yfirlýsinguna.



13. Matvælaráðuneytið – Úthlutun byggðakvóta 2023/2024

Í erindi Matvælaráðuneytisins dagsettu 1. desember 2023 er sveitarfélaginu tilkynnt að aflaheimildir sem koma í hlut byggðarlagsins vegna fiskveiðiársins 2023/2024 nemi 170 þorskígildistonnur. Úthlutunin helst því óbreytt milli ára.

Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiárinu 2023/2024 liggur fyrir er sveitarfélaginu gefinn frestur til 29. desember n.k. til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur.

Boða þarf aukafund sveitarstjórnar vegna hugsanlegra sérreglna.

14. Fiskistofa – Sérstakt strandveiðigjald

Lagt fram til kynningar bréf Fiskistofu dagsett 24. nóvember 2023, þar sem fram kemur að gjald til Skagastrandarhafnar sem lagt er á strandveiðibáta vegna veiða á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 2023 er kr. 1.124.881.

15. Fundargerðir:

1. Stjórn SSNV nr. 101 frá 5. desember 2023

Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra nr. 101.

2. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 938-939 fyrir tímabilið 24. nóvember til 5. desember 2023

Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 938 til 939.

3. Norðurá bs. Fundargerð 113. fundar stjórnar, frá 4. desember 2023

16. Önnur mál

Oddviti þakkar sveitarstjórn og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir gott samstarf og vel unnin störf á árinu sem er að líða og óskar öllum gæfuríkrar jólahátíðar.

Oddviti leggur til að sveitarfélagið styrki Hólaneskirkju og Rauðakrossdeildina um 150.000 kr sem verði nýttar til stuðning heimilum sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda í tengslum við jólahald.



Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.12:30

Halldór Gunnar Ólafsson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Ólafur Þor Ólafsson